




# Samtal um menntamá

Ráðherrabústaður 6. febrúar 2018

Kennarasamband Íslands




# Efnisyfirlit

- Útgjöld til menntamála
- Laun í fræðslustarfsemi
- Skóli og menntun fyrir alla
- Nemendur af erlendum uppruna
- Tæknibreytingar og menntakerfið
- Nýliðun
- Menntun og starfsþróun

Heildarútgjöld til fræðslumála 2016	Milljarðar kr.	Hlutfall
Leikskólastig	21,3	12%
Grunnskólastig	75,8	43%
Framhaldsskólastig	31,3	18%
Háskólastig	35,4	20%
Óflokkað á skólastig	14,2	8%
<b>Samtals</b>	<b>178,0</b>	<b>100%</b>
Heimild: Hagstofa Íslands		

## Heildarútgjöld til fræðslumála 2016: 178 millja. kr.




Heildarútgjöld til fræðslumála 2016	Milljarðar kr.	Hlutfall af VLF	Þús. kr. á mann	Hlutfall
Hið opinbera	161	6,57	580	90,5%
Heimilin	17	0,69	51	9,5%
<b>Heildarútgjöld</b>	<b>178</b>	<b>7,26</b>	<b>631</b>	<b>100%</b>
Heimild: Hagstofa Íslands				

# Útgjöld til fræðslumála á föstu veðlagi (1998=100) - Alls

Verðlag 2016. Staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar (hið opinbera) og verðvísitölu einkaneyslu fræðsluútgjalda (einkaaðilar). Heimild: Hagstofa Íslands

— Hið opinbera — Heimilin — Heildarútgjöld




**Breyting**  
frá 2008 til 2016:  
Hið opinbera: -9,1%  
Heimilin: +10,3%  
Heildarútgjöld: -7,6%

# Útgjöld til fræðslumála, % af VLF (1998=100) - Alls

Heimild: Hagstofa Íslands


— Hið opinbera — Heimilin — Heildarútgjöld



# Útgjöld til fræðslumála á mann (1998=100) - Alls


Verðlag 2016. Staðvirt með verðvísitölu samneyslnnar (hið opinbera) og verðvísitölu einkaneyslu fræðsluútgjalda (einkaaðilar). Heimild: Hagstofa Íslands

— Hið opinbera — Heimilin — Heildarútgjöld



# Meðal mánaðarlaun fullvinnandi 2016


Heimild: Hagstofa Íslands



Atvinnugreinar	
C	Framleiðsla (C)
D	Rafmagns-, gas- og hitaveitur (D)
G	Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G)
H	Flutningar og geymsla (H)
J	Upplýsingar og fjarskipti (J)
K	Fjármála- og váttryggingastarfsemi (K)
O	Opinber stjórnisýsla og varnarmál; almannatryggingar (O)
P	Fræðslustarfsemi (P)
Q	Heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q)

# Meðal mánaðarlaun fullvinnandi 2016

Heimild: Hagstofa Íslands



Atvinnugreinar	
C	Framleiðsla (C)
D	Rafmagns-, gas- og hitaveitur (D)
G	Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G)
H	Flutningar og geymsla (H)
J	Upplýsingar og fjarskipti (J)
K	Fjármála- og váttryggingastarfsemi (K)
O	Opinber stjórnýsla og varnarmál; almannatryggingar (O)
P	Fræðslustarfsemi (P)
Q	Heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q)



# Skóli og menntun fyrir alla

- Úttekt Evrópumíðstöðvarinnar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið á framkvæmd stefnu um menntun fyrir alla í leik- grunn- og framhaldsskólum og tillögur um aðgerðir til að efla menntun og farsæld nemenda.
- Tillögur um forgangsaðgerðir:
  - Umræður meðal þeirra sem vinna að menntamálum um hvernig verði best staðið að menntun fyrir alla, umræður um merkingu hugtaksins menntun fyrir alla og hvernig hægt sé að leiða fram sameiginlegan skilning á því.
  - Athugun og endurskoðun á núverandi fjármögnunarreglum.
  - Samkomulag um reglur um lágmarkspjónustu við nemendur, foreldra og skóla til að styðja við framkvæmd skóla og menntunar fyrir alla nemendur.

<https://www.stjornarradid.is/menntunfyriralla>

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=cca962f5-be4f-11e7-9420-005056bc530c>

# Nemendur af erlendum uppruna

- Útbúa þarf miðlægan grunn með upplýsingum, fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við kennara og skóla sem sinna menntun nemenda af erlendum uppruna.
- Tryggja þarf samræmi í stuðningi og þjónustu við nemendur og fjölskyldur þeirra óháð búsetu, og jafna þarf lagalega stöðu nemenda og rétt þeirra til menntunar, stuðnings og annarrar þjónustu.
- Íslensk stjórnvöld þurfa að uppfylla skyldur sínar gagnvart erlendum börnum sem koma til landsins í samræmi við ákvæði Barnasáttmála SP.

# Tæknibreytingar og menntakerfið

- Menntakerfið þarf að geta mætt þeim áskorunum og nýtt þau tækifæri sem felast í hraðstígum tæknibreytingum 21. aldarinnar í þágu menntunar nemenda og skólastarfs.
- Brýnt er að styrkja innviði skólanna hvað varðar tækjakost og tæknibúnað og jafna aðgengi nemenda og kennara að slíku umhverfi fyrir nám og kennslu.
- Brýnna aðgerða er þörf til að auka framboð á vönduðu og fjölbreyttu náms- og kennsluefni á íslensku fyrir nemendur, kennara og skóla.
- Brýnt að efla starfsþróun kennara sérstaklega á þessu sviði til að þróa kennsluhætti og skólastarf í samræmi við samfélags- og tæknibreytingar, nýjar hugmyndir og áherslur um menntun og skólastarf.

# Nýliðun

- Nýliðunarvandinn í kennarastéttinni snýst um viðgang menntakerfisins í landinu og menntun komandi kynslóða.
- Mikill og viðvarandi skortur á leikskólakennurum í leikskólum, og aðsteðjandi skortur á kennurum í grunnskólum, tónlistarskólum og framhaldsskólum.
- Leggja þarf aðgerðaáætlun til að bregðast við þessum vanda í samstarfi ríkis, sveitarfélaga, KÍ og háskóla sem mennta kennara.
- Áherslu þarf að leggja á að gera kennarastarfið eftirsóknarvert í samfélaginu (laun og starfsaðstæður).
- Skipulögð leiðsögn við nýliða þarf að vera fyrir hendi og stuðningur við annað starfsfólk skóla til að sporna gegn brotthvarfi úr starfi.

Starfshópur Reykjavíkurborgar (desember 2017) Nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara

<http://reykjavik.is/frettir/aukinn-studningur-vid-kennara-og-urbaetur-starfsumhverfi>

# Menntun og starfsþróun

- Fimm ára meistaranám kennara staðfest með lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.
- Auka þarf og styrkja þann hluta kennaranámsins sem fer fram á vettvangi og hann að vera hluti af lögum nr. 87/2008.
- Fleiri hópar innan KÍ þurfa að falla undir ákvæði laga nr. 87/2008, tónlistarskólakennarar og sérkennarar hvað varðar lögverndun á starfsheiti og lengja þarf menntun starfsmenntakennara til samræmis við menntun annarra kennarahópa.
- Stöðug og fjölbætt menntun og starfsþróun alla starfsævina er forsenda skólaþróunar og þróunar menntakerfisins.
- Kennarar, skólastjórnendur og aðrar fagstéttir í skólum þurfa að hafa góðar og hvetjandi aðstæður og möguleika í daglegu starfi og utan starfstíma skóla til menntunar og starfsþróunar alla starfsævina og byggja þarf upp fjölbreytt og sveigjanlegt stuðningskerfi við menntun og starfsþróun stéttarinnar.
- Stjórnvöld þurfa að styðja markvisst við starf samstarfsráðs um starfsþróun kennara, skólastjórnenda og annarra fagstétta í skólum við að útfæra og innleiða stefnu um heildstæða menntun og starfsþróun starfsfólks skóla alla starfsævina og fjölbreytt og sveigjanlegt stuðningskerfi við starfsfólk, skóla og háskóla samkvæmt niðurstöðum fagráðs sem afhentar voru mennta- og menningarmálaráðherra í mars 2016

<http://starfsthrounkennara.is/ny-framtidarsyn-um-starfsthroun-kennara-og-skolastjornenda/>